

52

14. júní

	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt	10155496,00	10777800,96
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	664700,00	1039302,83
12. Eftirlaun og styrktarfé	185450,80	165797,22
13. Óviss útgjöld	100000,00	167549,93
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	26036,09
15. Eimskipafélag Íslands		60000,00
16. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjár- aukalögum		625679,46
Samtals	11109646,80	12862166,59

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnason.

53

14. júní

L Ö G

um

lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorlákshöfn skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir sam-

þykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafn- 53
miklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árn-^{14. júní}
essýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lend-
ingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkis-
sjóðs allt að 80000 kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka til
lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón
verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið
samþykkir.

3. gr.

Eigendur Þorlákshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsyn-
legt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa, allt að
15000 m², svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að
þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær
eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingar-
bæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki
gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til
útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessu varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3
menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára,
og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar.
Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg
fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða
veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán
til lengri tíma en svo að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endur-
nýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stór-
vaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

53

14. júní

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorlákshafnar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskiveiða í Þorlákshöfn, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hann atvinnu-málaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á umliðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumála-ráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lög-reglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson,